

Fundargerð

195. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Mánudaginn 20. janúar 2014 kl. 12⁴⁰–13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Spilliefni
- (3) Plastumbúðir
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (194. fundar).

2. Spilliefni

Stjórn ræddi endurskoðun á ráðstöfunargreiðslum til þjónustuaðila vegna spilliefna, þar sem Kalka hækkaði gjaldskrá sína 1.janúar 2014. ÓK fór yfir það að útboð Sorpu á móttöku spilliefna frá endurvinnslustöðvum fór fram rétt fyrir jólin. Ráðstöfunargreiðsla Úrvinnslusjóðs fyrir blönduð spilliefni frá heimilum er 110 kr/kg.

ÓK fór yfir það að í lögum um úrvinnslugjald er miðað við að öllum spilliefnum sé skilað flokkuðum á söfnunarstöðvar og fari þaðan til þjónustuaðila. Í aðalatriðum skila heimili spilliefnum til söfnunarstöðva (í reynd óflokkuðum) en fyrirtæki beint til þjónustuaðila. Í skilmálum um spilliefni er gert ráð fyrir að fyrirtæki skili efnunum flokkuðum. Efni frá söfnunarstöðvum eru flokkuð hjá þjónustuaðila. Með breytingunni sem gerð var í lok árs í fyrra þar sem gert er ráð fyrir einum flokki spilliefna frá endurvinnslustöðvum Sorpu minnkar mjög þörf á flokkun hjá þjónustuaðilum. ÓK fór yfir það að mögulega væri hægt væri að lækka gjaldskrá Úrvinnslusjóðs vegna spilliefna sem fara til Kólku vegna þessara breytinga á meðhöndlun.

Lagt var fram á fundinum yfirlit sem sýnir ráðstöfunargreiðslur annars vegar og gjaldskrá Kólku hins vegar fyrir hina ýmsu spilliefnaflokka. GGS fór yfir helstu niðurstöður.

Umræðu frestað.

3. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að undanförunu hafa plastumbúðir verið til umræðu hjá stjórn ÚS vegna fyrirhugaðrar breytingar á flokkun þeirra og ráðstöfunargreiðslu sem á að taka mið af verðmæti plastumbúða sem safnað er. Farið var yfir það að í sumum tilvikum er verðmætið neikvætt. Sagt var frá því á fundinum að fyrirtækið sem mun flokka blandaðar plastumbúðir frá heimilum, gerir ráð fyrir að senda ÚS skilmála um móttöku umbúða. Með þeim ætlar fyrirtækið að koma til móts við óskir ÚS um upplýsingar um m.a. hlutfall rusls í mótteknum förmum og hlutfalli sem næst að plasti til flokkunar.

Umræðu frestað.

4. Önnur mál

Óskað var eftir breytingu á prófkúru fyrir bankareikning Úrvinnslusjóðs hjá Landsbankanum. Staðfesting stjórnar er nauðsynleg.

Ólafí Kjartanssýni falin prókura bankareiknings af stjórn.

GGP spurði um stöðu veiðarfæra. Stjórn mun ræða málefni veiðarfæra á næstu fundum.

Næsti fundur ákveðinn 4.febrúar 2014.

Fundi slitið kl 13:40

